

7.fundur í hreppsnefnd Árneshrepps haldinn miðvikudaginn 5.júlí 2017 kl. 20:00. Fundað er á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru: Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Bjarnheiður Fossdal Melum, Hrefna Þorvaldsdóttir Árnesi 2, Ingólfur Benediktsson Árnesi 2 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík. Oddviti ritar fundargerð.

**Dagskrá fundarins:**

1. Landbrot í Árneshreppi, sækja um framlag frá ríkinu.
  2. Finnbogastaðaskóli – framhald.
  3. Norðurfjarðarhöfn, ýmislegt.
  4. Umsókn um fornleifarannsóknir.
  5. Kambur og Kolbeinsvík, næstu skref.
  6. Fasteignagjöld, niðurfelling og fleira.
  7. Litlihjalli, bréf frá Jóni Guðbirni.
  8. Kaupfélagsmál.
- 
1. Landbrot í Árneshreppi. Rætt var hvar helst þurfi að skoða aðgerðir vegna sjávarágangs; byrja þarf á Djúpavík, Gjögri, Litlu-Ávík og athuga hvernig mál standa í Munaðarnesi. Einnig vakti Guðlaugur athygli á því að einhverjir kaplar við sýkið hjá Steinstúni eru farnir að tanda út úr við veginn.
  2. Finnbogastaðaskóli – framhald. Ákveðið var að vanda til þeirrar vinnu sem framundan er varðandi nýtt fyrirkomulag við skólastarfið. Enn eru hlutirnir á undirbúningsstigi og vantar svör frá ýmsum aðilum. Sundkennslan var til umræðu ásamt fleiru. Bent var á að gott væri að fá upplýsingar hjá skólum sem tekið hafa upp breytta starfshætti, s.s. á Tálknafirði. Oddviti mun einnig tala við oddvitann þar og afla upplýsinga.
  3. Norðurfjarðarhöfn. Björn Axel mun hætta um miðjan mánuð og ekki er alveg ljóst hvort hægt verður að finna einhvern í staðinn. Athuga þarf með vörn á rafmagnsútbúnaðinn á nýja krananum fyrir veturinn. Einnig þarf að komast að niðurstöðu um hvernig best sé að leggja rafmagn að nýju flotbryggjunni og þá samtímis að hugsa fyrir vatnslögn. Guðlaugur nefndi að ekki hefði tekist nógu vel til með viðgerð á litlu flotbryggjunni og mun verða haft samband við Króla út af því máli.
  4. Umsókn um fornleifarannsóknir. Hreppsnefnd ákvað að verða við þessari beiðni, svo framarlega sem það brýtur ekki í bága við neinar reglur um minjavernd. Leitað verður upplýsinga hjá Minjavernd Norðurlands vestra.

5. Kambur og Kolbeinsvík, næstu skref. Ákveðið var að setja auglýsingu eingöngu í Bændablaðið til að byrja með.
6. Fasteignagjöld, niðurfelling og fleira. Hreppsnefnd ákvað að fella niður lægstu greiðslurnar en jafnframt þyrfti að gæta þess að einstaklingar detti ekki út af skrá.
7. Litlahjalli, bréf frá Jóni Guðbirni. Ákveðið var að styrkja litlahjalla.is um umbeðna upphæð, kr. 25.000,-
8. Kaupfélagsmál. Rætt var um bréf frá kaupfélagsstjóra varðandi lokun útibúsins í Norðurfirði og hvaða möguleikar eru í stöðunni. Nokkrar hugmyndir komu upp og var ákveðið að leggja þær fyrir kaupfélagsstjóra og stjórnarformann, s.s. að hreppurinn taki að sér launakostnað vegna starfsmanns frá 1.september n.k. og verði verslunin rekin þannig sem tilraunaverkefni alla vega til 1.júní 2018. Ennfremur ákvað hreppsnefnd að fella niður húsaleigu fyrir verslunina.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 22:15